

Nd.

149. Nefndarállt

um frumv. til fjáráukalaga fyrir árin 1914 og 1915.

Sú rödd kom fram við umræðu frumv. í deildinni, að óheppilegt væri að samþ. aukafjárlög á þessu þingi og enda óþarft. Tók nefndin því fyrst af öllu þessa spurningu til yfirvegunar. Varð sú skoðun í meiri hl., að rjettara mundi að halda frumv. fram með þeim breytingum, sem nefndinni kæmi saman um. En nefndin var sambuga í því, að varna öllum þeim fjárveitingum framgangs að þessu sinni, sem hjákvæmilegar virtust í bráð.

Nefndinni hafa borist ýmsar málaleitanir, bæði skriflegar og munnlegar og hefir hún haft þær ásamt frv. til meðferðar á 9 fundum. Leyfir nefndin sjer að gera nokkrar breytingar og viðaukatill. við frumvarpið, og lætur þeim fylgja þessar athugasemdir:

1.

Stjórn Heilsuhælisins á Vífilstöðum kom á fund nefndarinnar þess erindis, að skýra henni frá hag hælisins og kringumstæðum, og fá nefndina til þess, að bæta á fjáráukalagafrumv. bráðnaudsynlegum styrk til hælisins, til þess að það gæti haldið áfram.

Aðaltillaga heilsuhælis-stjórnarinnar var þessi:

Landssjóður taki að sjer Heilsuhælið að fullu og öllu á þessu ári, jafnframt því, að nú sje tekin á fjáráukalög hæfileg upphæð, til þess að standast tekjuhalla hælisins, bæði á næstl. og yfirstandandi fjárhagstímabili. Varatillaga: að nefndin tæki nú upp í frumv. 20,000—24,000 kr. fjárveiting til hælisins, til þess að standast óhjákvæmilegar skuldagreiðslur og önnur útgjöld, sem tekjur þess hrökkva eigi fyrir.

Nefndinni er það ljóst af skýrslum framkvæmdarstjórnarinnar, að henni mun vera alveg um megn, að halda hælínu uppi með þeim tekjum, sem hælið nú hefir, bæði þeim sem vísar eru og óvísar, svo að ekki verður hjá komist, að hlaupa undir baggann, ef hælínu á ekki að verða lokað fyrir sjúklingum þegar á næsta ári. Nefndinni virðist einnig líkur til, að fjárveitingarvaldið verði áður langt liður, að taka að sjer fulla ábyrgð á rekstri hælisins. En hún álitur ekki heppilegt, að ráðast í slíkt nú á þessu þingi, undirbúningslaust og skilyrðislaust. Heilsuhælisfjelagið má ekki leggjast niður, nje hin almenna fjársöfnun hælínu til styrktar. Nefndin vill því leggja það til, að nú sje í frumv. bætt 20,000 kr. fjár-

veiting til heilsuhælisins á Víflsstöðum, án nokkurrar frekari skuidbindingar af landssjóðs hálfu að þessu sinni.

2.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að járnbrautarlagning hjer austur í Rangárvallasýslu sje svo athugavert fyrirtæki, að það verði að bíða að m. k. nokkur ár; þess vegna sje engin þörf á því, að taka á aukafjárlög nú fjárveiting til undirbúnings og rannsóknar þessu máli. Það gæti jafnvel skilist svo að þetta þing færi að ýta undir næsta þing að ráðast í fyrirtækið sjálft og stjórnina, að búa það undir. — Jafnvel þótt nefndin sje alls eigi á einu máli um þetta leggur meiri hl. til, að ofanefnd fjárveiting sje feld.

3.

Eftir að stjórnarfrumv. var fullgert kom til stjórnarráðsins tillaga frá Krabbe landsverkfræðingi um nokkuð fullkomnari tilhögun á leiðarljósum við Steingrímsfjörð, heldur en á upphafl. áætlun hans um Grimseyjarvitann. Skaut stjórnarráðið þessari tillögu til nefndarinnar, en hún kostar 3000 kr. hækkun á fjárveitingunni til nefnds vita. Nefndinni virðist tillagan á fullum rökum byggð, og leggur því til að þessi hækkun sje gerð á fjárveitingunni. —

4.

Eftir brjeflegri ósk stjórnarráðsins leggur nefndin það til, að bætt sje við fje það, sem veitt er nú á fjárlögum til rannsóknar og undirbúnings á skrásetningu fornmenja (15. gr. 3. f.) 400 kr. — Ástæðan til þess er sú, að fornmenjavörðurinn hefir með ráði stjórnarráðsins ferðast til útlanda nú í sumar, þar á meðal á sýninguna í Kristjáníu, til þess að kynnst fornleyfarannsóknum og söfnum erlendis. Þegar nú ferðakostnaður er tekinn af fje því, sem veitt er á þessum lið fjárlaganna, verður oflitið afgangi til annars kostnaðar.

5.

Skrifstofustjórinn í 3. deild stjórnarráðsins, herra Indriði Einarsson, hefir mælt til við nefndina, með brjefi 16. þ. m., að hún tæki upp á fjáráukalögin fjárveitingu, að upphæð kr. 386,76, til Fossvalla-rjómabúsins í Árnessýslu. Þegar smjerverðlaunum fyrir 1913 var útbýtt, var eigi komin nein skýrsla frá nefndu fjelagi, svo það misti alveg af verðlaunum fyrir þetta ár. Var það að nokkru leyti af vangá formanns smjörbúsins, en að nokkru leyti af því, að verðlaununum var í þetta sinn útbýtt lítið eitt fyr en árin á undan. Með því að þetta í rauninni kemur niður á saklausum mönnum, virðist nefndinni rjett, að veita smjörbúi þessu 300 kr.

6.

Nefndin hefir ekki getað fallist á, að fjárveitingin til hins íslenska prentaraafjelags væri sjerlega nauðsynleg eða heppileg, og leggur því til að hún sje feld, enda hefir hún neitað að taka til greina ýmsar óskir um fjárstyrk, sem eigi minna virðist hafa mælt með.

Stjórnarráðið sendi nefndinni erindi frá prestinum á Siglufirði viðvikjandi skemdum sem Siglufjarðareyri liggur undir af sjógangi, og það svo, að hús og

allar bryggjur eru í veði þar á eyrinni, ef svo heldur áfram sem nú hefir að gert hin síðari ár. Erindi þessu fylgir og brjef Þorv. Krabbe verkfræðings ásamt uppdráttum og áætlun um varnargarð á eyrinni. Telur hann nauðsynlegt og jafnframt vel kleift, að koma hjer vörnum við. Garð í því skyni áætlar verkfr. 9700 kr.

Nefndin telur nauðsyn á, að fyrirtæki þetta komist á sem fyrst, og vill því verða við tilmælum stjórnarráðsins um, að taka upp á aukafjárlög fjárveiting til þessa.

En með því, að Hvanneyrarhreppur tekur gjöld af skipum, og hefir allmiklar tekjur, en viðhald eyrarinnar er skilyrði fyrir því, að þarna haldist við bryggjur, þá leggur nefndin það til, að úr hafnarsjóði Siglfirðinga komi fjórðungstíllag til þessa varnargarðs á móti tíllagi landssjóðs.

Sýslumaðurinn í Eyjafjarðarsýslu fer þess á leit við Alþingi, fyrir hönd verksmiðjufjelagsins »Gefjun« á Akureyri, að lánum þeim, er verksmiðjan hefir úr landssjóði, verði breytt þannig, að þau megi borgast á 40 árum, eða þá ef það fæst eigi þá á 28 árum.

Lán þessi eru:

1. Lán veitt 1908, 50,000 kr. gegn 1. veðrjetti í verksmiðjunni. Afborgunarlaust til 1915, en borgist svo á 15 árum.
2. Lán veitt 1912, 60,000 kr. gegn ábyrgð sýslufjelags Eyfirðinga og bæjarfjelags Akureyrar. Afborgunarlaust til 1917, en borgist það af á 15 árum.

Afborganir af báðum þessum lánum verða því kr. 7333,33 árl. Nefndinni virðist auðsætt, að verksmiðjan geti als ekki, nema með auknum hlutafjárinnlögum, greitt svona stóra afborgun á ári. En hlutafjársofnun virðist ganga mjög dræmt, enda skortur á veltufje til бага, svo að þangað gengur það, sem safnast. Nefndin leggur því til, að afborgunarkjörum þess lánsins, sem hún telur betur tryggt, þ. e. síðara lánsins, sje breytt þannig, að það borgist með 1600 króna árl. afborgun frá árinu 1917 að telja.

Stjórn Búnaðarfjel. Íslands hefir ritað nefndinni þess efnis, að mikil þörf myndi vera til þess, að auka lánsheimild þá til kornforðabúra, sem nú er á fjárlögum úr 10,000 kr. (5000 kr. hvort árið) á fjárhagstímabilinu uppi 50,000 kr., og bendir þar til hinna hörðu áminninga, sem síðasti vetur og vor hefir veitt landsmönnum, til þess að efla fóðurtryggingar sínar á allan hátt, betur en að undanfögnu.

Nefndin er sammála búnaðarfjeldagsstjórninni um það, að fjárveitingarvaldið megi ekki sitja aðgerðalaust hjá, þegar varna skal allsherjar-vandræðum, en þinginu hafa engar aðrar tíllögur borist nú í þá átt, en þessi frá búnaðarfjeldagsstjórninni. Leggur nefndin til, að áminnst lánsheimild til kornforðabúra verði hækkuð um helming frá því sem nú er á fjárlögum. Telur nefndin engar líkur til, að meira verði notað.

Nefndin hefir þá gert grein á þeim breytingartíllögum við frumvarpið, sem hún gerir. En hún vill einnig taka fram viðvikjandi nokkrum öðrum erindum, sem hún hefir haft til meðferðar, það sem hjer fer á eftir:

Stjórnarráðið hefir sent nefndinni erindi frá Olgeiri Friðgeirssyni, fyrir. verslunarstjóra á Vopnafirði, þar sem hann fer fram á endurgreiðslu á 1000 kr. af því fje, sem Vopnafirðingar á sínum tíma lögðu til símalínunnar milli Hofs og Vopnafjarðar. Nefndin álitur í alla staði sanngjarnt, að ofannefnd upphæð sje

endurgreidd, af þeim ástæðum: 1. að tillagið frá Vopnfirðingum til nefndrar línu var hærra að tiltölu en tíðast hefir verið um slik tillög úr hjeraði, og 2. að nú við færslu símalínunnar af Smjörvatnsheiði á Hellisheiði, verður þessi Vopnafjarðarlina partur af aðallinunni. En þó virðist og nefndinni rjett, að telja endurgreiðslu þá er hjer um ræðir, sem kostnað við hina nýju línu á Hellisheiði.

Enn fremur hefir stjórnarráðið sent nefndinni erindi landssímastjórans viðvikjandi bráðnauðsynlegri aukningu á bæjartalsímakerfinu á Akureyri. Er kostnaður við þetta áætlaður kr. 7160,00. Nefndin er því meðmælt, að þessar aðgerðir á talsímakerfi Akureyrar sje gerðar sem fyrst eftir fyrirætlun landssímastjóra. En telur ekki nauðsynlegt, að taka hina áætluðu upphæð á aukafjárnög, með því hún telur stjórninni heimilt að taka til þess fje af ritsímaláninu, samkvæmt 5. gr. símalaganna frá 22. okt. 1912, samanborið við 8. gr.

Breytingartillögur þær, er nefndin gerir samkvæmt framansögðu, eru á sjerstöku þingskjali.

Alþingi 18. júlí 1914.

Eggert Pálsson,
formaður.

Pjetur Jónsson,
skrifari og framsögum.

Björn Hallsson.

Hjörtur Snorrason.

Jón Jónsson.

Sigurður Sigurðsson.

G. Eggerz.